UMHVERFIS
STOFNUN

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 23. nóvember 2021
UST202110-232/B.S.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag – Sauðárkrókshöfn. Umsögn**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Gildandi deiliskipulag hafnarsvæðisins er frá árinu 1995 og hafa ýmsar breytingar verið gerðar á hafnarsvæðinu síðan þá. Í tillögunni er verið að festa breytingar í sessi og skipuleggja ýmsar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru s.s. landfyllingar, stækkun hafnargarðs auk nýrra lóða og byggingarreita.

Í tillögunni er gert ráð fyrir stækkun núverandi hafnarsvæðis til norðurs og austurs út frá núverandi svæði.

Umhverfisstofnu telur að umrædd tillaga muni að ýmsu leyti verða til bóta hvað varðar ásýnd svæðisins en gjarnan hefði mátt gera auknar kröfur um hreinsun skólps í deiliskipulaginu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem skólplagnir liggja nú um hafnarsvæðið og þar væri að líkindum hægt að koma fyrir skólphreinsistöð sem uppfyllti kröfur í fyrrnefndri reglugerð í stað þess að festa í sessi núverandi fyrirkomulag fráveitu.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur